

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 1042/2013, um lánveitingar Íbúðaláanasjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum.**

1. gr.

17. gr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr.:

- a. 1. mgr. orðast svo: Íbúðaláanasjóði er óheimilt að lána til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum sem fara yfir það hámarksverð sem tiltekið er í ákvæði þessu og miðast við fermetrafjölda íbúðar. Skal hámarksverð íbúða skv. 1. málsl. vera sem hér segir:
  - 1. Allt að 60 m<sup>2</sup> íbúðir: 19.754.000 kr.
  - 2. Allt að 70 m<sup>2</sup> íbúðir sem eru stærri en 60 m<sup>2</sup>: 21.786.000 kr.
  - 3. Allt að 90 m<sup>2</sup> íbúðir sem eru stærri en 70 m<sup>2</sup>: 25.850.000 kr.
  - 4. Allt að 105 m<sup>2</sup> íbúðir sem eru stærri en 90 m<sup>2</sup>: 28.899.000 kr.
  - 5. Allt að 120 m<sup>2</sup> íbúðir sem eru stærri en 105 m<sup>2</sup>: 31.948.000 kr.
  - 6. Allt að 130 m<sup>2</sup> íbúðir sem eru stærri en 120 m<sup>2</sup>: 33.980.000 kr.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný mólsgrein, svohljóðandi: Við útreikning á stærð leiguíbúðar skal taka mið af birtu flatarmáli hennar samkvæmt reiknireglum Þjóðskrár Íslands ásamt reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar og útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum, nr. 910/2000, með síðari breytingum.
- c. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: 1.–4. mgr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr.:

- a. Í stað „4.057.000 kr.“ kemur: 4.203.000 kr.
- b. Í stað „679.000 kr.“ kemur: 703.000 kr.
- c. Í stað „5.681.000 kr.“ kemur: 5.886.000 kr.

4. gr.

Í stað „4.379.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. kemur: 4.537.000 kr.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 28. janúar 2014.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*